

taki, sem samið er á hennar máli, og lætur jafnframt hverri hinna símastjórnanna 61  
í té afrit af því. 28. okt.

Köbenhavn, den 25. juli 1952.

GENERALDIREKTORATET FOR POST-  
OG TELEGRAFVÆSENET

K. J. Jensen.

K. Lomholdt.

Helsingissä, 4/2 1952.

POSTI- JA LENNÄTINHALLITUS

S. J. Ahola.

Urho Talvitie.

Reykjavík, 20. febrúar 1952.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

G. J. Hlíðdal.

Einar Pálsson.

Oslo, 12/6 1952.

TELEGRAFSTYRET

Sv. Rynning Tønnesen.

K. Larsen.

Stockholm, 18. januar 1952.

KUNGL. TELEGRAFSTYRELSEN

Håkan Sterky.

Artur Onnermark.

## AUGLÝSING

62

28. okt.

um samning um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur,  
Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar.

Hinn 21. marz 1952 var undirritaður í Reykjavík fyrir Íslands hönd samningur um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar. Samningur þessi er viðbót nr. 7 við samning, er var undirritaður í Reykjavík 20. febrúar 1952 fyrir Íslands hönd, um fjarskipti milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

Samningurinn gekk í gildi 1. marz 1952.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 28. október 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

Magnús V. Magnússon.

62 Fylgiskjal.

28. okt.

Viðbót nr. 7 við samning, gerðan 1952, um fjarskipti milli Danmerkur, Finnlands Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

## SAMNINGUR

um talsímaviðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar.

Með tilvísun til „Samnings um fjarskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar“ frá 1952, hafa símastjórnir þessara ríkja gert með sér eftirfarandi sérsamning um talsímaviðskipti milli framangreindra landa.

## 1. gr.

Gjaldeiningin fyrir símtöl, sem fram fara radió-leiðina Reykjavík—Kaupmannahöfn er 13.50 gullfrankar — á leiðinni Finnland—Ísland 18.00 gullfrankar — og skiptist hún sem hér segir:

Sambandið Ísland—Danmörk:

Hluti Íslands .....	gullfrankar	6.75
Hluti Danmerkur .....	—	6.75

Sambandið Ísland—Finnland:

Hluti Íslands .....	gullfrankar	6.615
Hluti Danmerkur .....	—	6.615
Hluti Svíþjóðar .....	—	2.57
Hluti Finnlands .....	—	2.20

Sambandið Ísland—Noregur:

Hluti Íslands .....	gullfrankar	5.55
Hluti Danmerkur .....	—	6.75
Hluti Noregs .....	—	1.20

Sambandið Ísland—Svíþjóð:

Hluti Íslands .....	gullfrankar	5.55
Hluti Danmerkur .....	—	6.35
Hluti Svíþjóðar .....	—	1.60

Gjaldið fyrir kvaðningu um radióleiðina Reykjavík—Kaupmannahöfn er 2.25 gullfrankar — á leiðinni Finnland—Ísland 3.00 gullfrankar, og skiptist það sem hér segir:

Sambandið Ísland—Danmörk:

Hluti Íslands .....	gullfrankar	1.125
Hluti Danmerkur .....	—	1.125

Sambandið Ísland—Finnland:

Hluti Íslands .....	gullfrankar	1.10
Hluti Danmerkur .....	—	1.10
Hluti Svíþjóðar .....	—	0.43
Hluti Finnlands .....	—	0.37

Sambandið Ísland—Noregur:

Hluti Íslands .....	gullfrankar	0.92
Hluti Danmerkur .....	—	1.13
Hluti Noregs .....	—	0.20

## Sambandið Ísland—Svíþjóð:

Hluti Íslands .....	gullfrankar	0.92
Hluti Danmerkur .....	—	1.06
Hluti Svíþjóðar .....	—	0.27

62

28. okt.

## 2. gr.

Um talningu framangreindra gjalda skal fara eftir gildandi reglum um símtöl loftleiðis yfir haf.

Fyrir kvaðningu eða boðsendingu innan hins gjaldfrjálsa svæðis skal eigi greiða neitt aukagjald, ef af símtali verður. Verði hins vegar ekki af símtali, skal greiða afturköllunargjald eftir reglum þeim, sem C. C. I. F. hefur mælt með.

## 3. gr.

Engin önnur símtöl en venjuleg stjórnarsímtöl og venjuleg einkasímtöl eru leyfð.

## 4. gr.

Takmarka má símtala-tímann við 12 mínútur, ef fleiri símtalsbeiðnir liggja fyrir, þó ekki við stjórnarsímtöl.

## 5. gr.

Komi uppástunga frá einhverri þeirra símastjórna, er hlut eiga að máli, um að breyta þessum samningi, má gera það, séu allar hinar símastjórningar því samþykkar.

Samningur þessi er gerður í fimm eintökum: einn á íslensku, einn á dönsku, einn á finnsku, einn á norsku og einn á sænsku, og gengur í gildi 1. marz 1952.

Ef einhver símastjórna segir samningnum upp, fellur hann úr gildi þrem mánuðum frá þeim degi að telja, sem uppsögnin barst hinum símastjórnum í hendur.

Með þessum samningi fellur úr gildi samningur frá 25. júní, 20. og 31. júlí, 2. ágúst og 9. september 1937, um talsímavíðskipti milli Íslands annars vegar og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar.

Köbenhavn, den 18. juli 1952.

GENERALDIREKTORATET FOR POST-  
OG TELEGRAFVÆSENET

K. J. Jensen.

K. Lomholdt.

Helsingisså, 29/2 1952.

POSTI- JA LENNÄTINHALLITUS

S. J. Ahola.

Urho Talvitie.

Reykjavík, 21. marz 1952.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

G. J. Hlíðdal.

Einar Pálsson.

Oslo, 12/6 1952.

TELEGRAFSTYRET

Sv. Rynning Tønnesen.

K. Larsen.

Stockholm, 20. juni 1952.

KUNGL. TELEGRAFSTYRELSEN

Håkan Sterky.

Artur Onnermark.